

PRÓF Í VERÐBRÉFAVIÐSKIPTUM

III . HLUTI

Próflað 2 af 3

Prófnúmer próftaka:

Námsgrein til prófs: Helstu tegundir verðbréfa og gjaldeyris – Skuldabréf (40%)

ATH. Próf í helstu tegundum verðbréfa er þrískipt. Sjá sérstök próflöð vegna **Hlutabréfa (40%)** og **Afleiðna og gjaldeyris (20%)**.

Prófdagur: Miðvikudagur, 28. apríl 2010 **Kl.:** 17:00-21:00

Úrlausnartími: Alls 4 klst., allt prófið **Próflöð:** 3 (þ.m.t. forsíða)

Leyfileg hjálpargögn: Öll gögn leyfileg, þ.m.t. reiknivélar sem hafa textaminni og/eða er hægt að forrita. Fartölvunotkun óheimil. **Fylgiblöð:** Engin.

Leiðbeiningar: Lestu spurningarnar vel áður en þú svarar, notaðu öll leyfileg hjálpargögn og farðu vandlega yfir úrlausnir þínar áður en þú skilar þeim inn. Ekki er ætlast til að próftakar láti kalla til umsjónarmann prófs, en gera má ráð fyrir að hann komi tvisvar á prófstað, á fyrstu og síðustu klukkustund próftíma. Með prófstað er hér átt við auglýstan prófstað verðbréfavíðskiptaprófs, í Reykjavík.

SÝNA BER SKILRÍKI VIÐ UPPHAF PRÓFS.

ALLAR LAUSAR PRÓFARKIR SKULU TRYGGILEGA AUÐKENNDAR MEÐ PRÓFNÚMERI ÞÍNU.

Í LOK PRÓFS SKAL PRÓFLAÐI OG LAUSUM PRÓFÖRKUM SKILAÐ.

VANDAÐU FRÁGANG.

GANGI ÞÉR VEL.

Hver krossaspurning hefur 3% vægi af heildarprófi í helstu tegundum verðbréfa.

Aðeins eitt svar telst rétt. Ekki er dregið frá fyrir rangt svar.

1. Innkallanleg skuldabréf (callable bonds)
 - a. Eru líklegust til að vera innkölluð ef markaðsvextir lækka mikið
 - b. Eru yfirleitt með innköllunarálagi, sem lækkar með tíma
 - c. Eru líklegust til að vera innkölluð ef markaðsvextir hækka mikið
 - d. Eru að öðru jöfnu seld við sömu ávöxtunarkröfu og skuldabréf án innköllunarákvæða
 - e. Bæði a og b liður er réttur

2. Skuldabréf með breytilegum vöxtum (floating rate) _____ og breytanleg skuldabréf (convertibles) _____
 - a. Bera enga eða litla vaxtaáhættu; gefa eiganda færi á að græða á uppsveiflu í verði hlutabréfa sama skuldara
 - b. Bera mikla vaxtaáhættu; gefa eiganda færi á að græða á uppsveiflu í verði hlutabréfa sama skuldara
 - c. Bera enga eða litla vaxtaáhættu; gefa eiganda færi á að græða á uppsveiflu í markaðsvöxtum
 - d. Bera mikla vaxtaáhættu; gefa eiganda færi á beinni hlutdeild í hagnaði skuldara
 - e. Ekkert af ofangreindu er rétt.

3. Fjögurra ára vaxtagreiðslubréf með árlegum greiðslum ber 7% nafnvexti. Ávöxtunarkrafan til þess er 9%. Ef ávöxtunarkrafan helst óbreytt verður verð bréfsins eftir eitt ár
 - a. Hærra
 - b. Lægra
 - c. Sama
 - d. Nafnverð bréfsins
 - e. Ekkert af ofangreindu er rétt.

4. Skuldabréfafjárfestir þarf að ávaxta fé sitt í fjögur ár. Til að það geti hugsanlega verið skynsamlegt fyrir hann að íhuga að fjárfesta fyrst í 2ja ára pappírnum með það í huga að kaupa svo aftur 2ja ára bréf á gjalddaga þeirra, þurfa
 - a. Væntir 2ja ára vextir eftir tvö ár að vera jafnir framvirkum vöxtunum
 - b. Væntir 2ja ára vextir eftir tvö ár að vera hærri en framvirku vextirnir
 - c. Væntir 2ja ára vextir eftir tvö ár að vera lægri en framvirku vextirnir
 - d. Fjögurra ára vextir nú að vera lægri en framvirku vextirnir
 - e. Fjögurra ára vextir nú að vera hærri en framvirku vextirnir

5. Framvirkir vextir reynast jafnan _____ framtíðarskammtímavöxtum vegna þess að _____
- Jafnir; báðir eru lesnir út úr vaxtakúrfunni (yield curve)
 - Jafnir; framvirkir vextir eru fullkomnar spár
 - Ójafnir; framvirkir vextir eru ófullkomnar spár
 - Ójafnir; framvirkir vextir eru fundnir út frá tilboðum miðlara, en framtíðarskammtímavextir eru lesnir út úr vaxtakúrfunni
 - Ekkert af ofangreindu er rétt.

II. OPNAR SPURNINGAR 25%

Hvert dæmi (staflíður) hefur 5% vægi af heildarprófi í helstu tegundum verðbréfa.

- Þú ert nýbúinn að kaupa vaxtalaust eingreiðslubríf til sjö ára að nafnverði 1.000.000 kr. á 11% ávöxtunarkröfu. Hver verður ávöxtun þín ef þú selur bréfið eftir eitt ár við 9% kröfu?
- Vaxtagreiðslubríf, upphaflega til fimm ára, með tveimur greiðslum á ári og 100.000 kr. að nafnverði selst í dag á verðinu 108.816 kr. við 9% ávöxtunarkröfu. Bréfið var upphaflega gefið út fyrir 14 mánuðum. Hver er upphæð vaxtagreiðslna af bréfinu á ári?
- Eftirfarandi er tafla sem sýnir vaxtaferil óverðtryggðra eingreiðslu-ríkisskuldabréfa í ónefndu landi. Hver liður, a, b og c, hefur 5% vægi af heildarprófi í helstu tegundum verðbréfa.

Lánstími, ár	Ársávöxtun, %
1	7,0%
2	7,8%
3	8,4%
4	8,8%
5	9,0%

- Hvert ætti að vera núvirði 100 kr. 3ja ára vaxtagreiðslubrífis með 12% vöxtum og árlegum greiðslum?
- Hvert er vænt núvirði bréfsins að ofan eftir eitt ár, ef við gefum okkur að framvirkir vextir séu jafnir framtíðarskammtímavöxtum?
- Fjögurra ára 100 króna ríkisskuldabréf með jöfnum, árlegum afborgunum og 8% vöxtum er í boði á 99,65 kr. m.v. tvo aukastafi. Er bréfið ofmetið, vanmetið eða rétt verðlagt? Rökstuðningur nauðsynlegur.